

5. kennslu- stund

1. UPPRIFJUN Á 4. KENNSLUSTUND

Spyrðu: Hvað lærðum við í síðasta tíma?

Aðalatriði: Hvernig þeir sem reyna að hafa áhrif á okkur höfða til draumsins um að lifa góðu lífi. Að margt af því sem á þátt í að beina fólki inn á reykingabrautina er ekki mjög sýnilegt. Áhrifunum er lætt að okkur gegnum óbeinar auglýsingar og ýmis tjáningarform sem kennd eru við menningu. Þannig er enn þann dag í dag eins og litið sé á reykingar sem sjálfsgöðan hlut í þjóðfélaginu og samskiptum fólks. Við þurfum að vera vakandi!

Samantekt úr rannsóknum nemenda

Sýndu sýnishorn nemenda.

Spyrðu: Hvers varð „leynilögreglan“ vísari? Hver eru viðbrögð ykkar við þessum niðurstöðum? Af hverju finnst sumum svona varningur spennandi? Þau svara hugsanlega: ögra, vera „kúl“. Hugleiddu vel athugasemdina sem þú gefur við svörum þeirra. Notfærðu þér svarið til að benda á hversu langt tóbaksframleiðendur ganga til að selja fikniefnið sitt.

2. UM HÁLFKVEÐNAR VÍSUR

Byrjaðu til dæmis á að raula laglínu, til dæmis aðeins fyrstu fjóra tónana í Heims um ból. Eða sýndu búi af þekktri ljósmynd. Nemendur segja þér vafalaust að þeir hafi þekkt lagið og séð fyrir sér það sem vantaði á myndina.

Það er manninum eiginlegt að vilja fylla upp í allar eyður, hvort sem það eru tónar eða myndir sem um er að ræða, þannig að úr verði fullkomin heild.

Rannsóknir hafa raunverulega sýnt fram á að skilaboð sett fram í hálfkveðnum vísu geta verið áhrifameiri en það sem sagt er fullum fetum. Ástæðan fyrir því er sú að viðtakandinn getur sjálfur bætt við upplýsingarnar þannig að þær samræmist hans eigin hugarheimi, óskum, væntingum eða venjum.

Dæmi: Spyrðu hvort það sé meira spennandi að virða fyrir sér pakkastaflann undir jólatrénu en sjá gjafaflóðið úti um öll gólf þegar búið er að taka upp.

Leiðbeiningar um verkefni

Þar sem við erum svona gerð geta menn haft ýmis ráð með að koma þekktum merkjum á framfæri. Camel þarf ekki annað en kameldýr og allir vita hvað verið er að gefa í skyn. Marlboro getur notað ýmsar útfærslur af rauðum og hvítum lit, eða látið einmana kúreka koma við sögu.

Við getum til dæmis gert okkur í hugarlund að Marlboro leggi fjármagn til einhvers fyrirtækis sem framleiðir fatnað undir merkinu Al Boro, L'Boro eða El Boro og á fótunum sé lýsandi táknmynd, til dæmis kúrekahattur eða ístað.

Sýndu glæru 5 a.

Það er mikið vafamál hvort nokkur lagasetning getur komið í veg fyrir óbeinar auglýsingar af þessu tagi, einfaldlega vegna þess að mannshugurinn þarf ekki nema örlitla vísbendingu svo úr verði heil saga. Því sem upp á vantar bætir hann við sjálfur.

Láttu nemendurna e.t.v. setjast saman tvo og tvo og búa til nokkrar spurningar sem gætu verið óþægilegar fyrir tóbaksframleiðendur eða íslenskan tóbaksinnflytjanda. Meðan nemendur vinna að þessu getur þú hugsanlega sótt aðstoðarmann fyrir næsta lið.

3. BLAÐAMANNAFUNDUR: TÓBAKSFRAMLEIÐANDI/HEILDSALI TEKINN Á BEINIÐ (HLUTVERKALEIKUR)

Þú hefur fengið annan kennara/starfsmann í lið með þér og ætlar sá að bregða sér í hlutverk tóbaksframleiðanda. Þú getur líka gert það sjálf(ur). Það verður að vera einhver fullorðinn. Sá sem leikur tóbaksframleiðandann býr sig rækilega undir að svara öllum þeim spurningum sem hugsanlega geta dunið á honum.

Meginstaðhæfingar tóbaksframleiðandans/heildsalans geta verið á þessa leið:

- Það er fólki í sjálfsvald sett hvort það reykir eða ekki. Sá sem reykir ekki okkar tegund reykir einhverja aðra tegund. Við reynum einungis að vekja athygli fólks á okkar vöru, innan þeirra marka sem lög heimila.
- Ennþá hefur ekki verið sannað að beint samband sé milli reykinga og þeirra sjúkdóma sem fullyrt er að þær valdi.
- Reykingar eru fyrir fulltíða, skynsamt fólk sem er fært um að meta sjálft þá áhættu sem það tekur.
- Allar fullyrðingar um fíkn eru stórlega orðum auknar. Sjáið bara hversu mörgum tekst að hætta að reykja!

Nemendur eru blaðamenn, sannkallaðar „hríðskotabyssur“ sem láta spurningunum rigna yfir „tóbaksframleiðandann/heildsalann“. Spurningarnar eiga þeir að vera með tilbúna frá því í 2. lið. „Tóbaksframleiðandinn/heildsalinn“ getur síðan varpað boltanum aftur til bekkjarins með því að láta nemendur sjálfa svara spurningunum.